

Verkefnastjórnun – Leiðtogaþjálfun


Nordica ráðgjöf í samstarfi við Endurmenntun
Háskóla Íslands
24 ECTS einingar

September 2010 – maí 2011



Efnisyfirlit

Almennt um nám í Verkefnastjórnun - Leiðtogapjálfun	3
Markmið:	3
Fyrir hverja?	3
Inntökuskilyrði.....	3
Efnistöð:	4
Einingar - námsvinna.....	4
Kennslutilhögun.....	4
Fagráð.....	4
Námsráðgjöf	5
Kennarar	5
Verð.....	5
Greiðslufyrirkomulag	5
Námskeiðslýsingar.....	6
1. misseri	6
Stefnumótunarfærni.....	6
Leiðtogafærni	8
2. misseri	11
Skipulagsfærni.....	11
Samskiptafærni	13



Almennt um nám í Verkefnastjórnun - Leiðtogapjálfun

Verkefnastjórnun – Leiðtogapjálfun er þróað af Nordica ráðgjöf ehf en að því standa þeir Dr. Haukur Ingi Jónasson, lektor, Dr. Helgi Þór Ingason, dósent og Tryggvi Sigurbjarnarson, ráðgjafarverkfræðingur. Námið hefur verið kennt við Endurmenntun Háskóla Íslands síðan í janúar 2003 og á því tímabili hafa tæplega 300 manns útskrifast úr náminu.

Viðskiptaumhverfi nútímans kallar eftir fólki sem hefur færni til að taka þátt í og stjórna margvíslegum verkefnum. Verkefnastjórnun – leiðtogapjálfun er fjölbreytt nám, ætlað öllum sem vilja öðlast þekkingu og þjálfun á sviði verkefnastjórnunar og efla leiðtogahæfileika sína. Námið gagnast stjórnendum og millistjórnendum fyrirtækja, stofnana, félagasamtaka og í daglegu lífi.

Markmið:

Námið byggir á að efla fjóra megin færniþætti nemenda; stefnumótunarfærni, skipulagsfærni, leiðtogafærni og samskiptafærni. Unnið er með alla þessa færniþætti jafnt og þétt yfir allan námstímann og áherslan er á að kenna nemendum hagnýtar aðferðir og þjálfa þá í notkun þessara aðferða. Námið snýst öðru fremur um að kenna nemendum aðferðafræði verkefnastjórnunar og margvísleg hjálpartæki sem henni tengjast. Stór hluti þessarar vinnu er að fjalla um verkefnastjórnun út frá mannlegri hegðun, tilfinningu og agaðri hugsun og leitast við að þroska leiðtogahæfileika þátttakenda. Megnið af vinnunni fer fram innan veggja kennslustofunnar í fjölbreytilegri og skemmtilegri vinnu og leik.

Fyrir hverja?


Námið er fyrir áhugasamt og dugmikið fólk sem hefur vilja til verka og ánægju af að efla færni sína í starfi og leik og um leið kynnast nýjum hugmyndum og nýju fólki. Lögð er áhersla á að kenna verkefnastjórnun og þroska leiðtogahæfni nemenda með því að nota raunhæf verkefni.

Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun. Reynsla af verkefnastjórnun og/eða starfsferill sem sýnir að fólk sé fært um að takast á við nám af þessu tagi er jafnframt kostur. Nemendur eru ekki teknir inn í einstaka hluta námsins, eingöngu í námið í heild.



Efnistöð:

Verkefnastjórnun - leiðtogabjálfun



Einingar - námsvinna


Námið er ígildi 24 ECTS háskólaeininga og spannar tvö misseri. Hvert námskeið er 6 (ECTS) einingar. Kennslustundir eru 52 í hverju námskeiði eða alls 208. Fyrri misserið hefst í september og lýkur í nóvemberlok og seinna misserið hefst í janúar og lýkur í apríllök. Til viðbótar eru gerðar kröfur um heimavinnu í formi einstaklings- og hópverkefna, auk prófundirbúnings. Náminu lýkur með því að nemendur undirgangast alþjóðlega D-vottun í verkefnastjórnun og fá að henni lokinni alþjóðlegan titil: "Certified Project Management Associate."

Kennslutilhögun

Kennslufyrirkomulag er þannig að nemendur koma til vinnu í veglegri kennsluaðstöðu Endurmenntunar. Kennt er alla mánudaga og annan hvern þriðjudag frá klukkan 16:00-20:00. Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi og/eða verkefni áður en sú næsta hefst.

Fagráð

Dr. Helgi Þór Ingason, dósent í iðnaðarverkfræði- vélaverkfræði og tölvunarfræðideild HÍ og Dr. Haukur Ingi Jónasson, cand. theol., S.T.M., C.P.E., sálgreinir og lektor.



Námsráðgjöf

Hjá námsráðgjafa er hægt að fá endurgjöf á vangaveltur sínar og frekari upplýsingar um námsmöguleika, forkröfur, uppbyggingu náms, væntanlegan afrakstur þess o.fl. Vel ígrundað námsval sem byggir á áhuga, réttum upplýsingum og skilningi getur margfaldað ávinning námsmannsins af námi sínu.

Þjónusta námsráðgjafa:

- Ráðgjöf vegna námsvals
- Námsstækninámskeið
- Fyrirlestur um próftækni, prófundirbúning og stjórnun prófkviða
- Aðstoð við nemendur með sértæka námserfileika
- Ráðgjöf um tímastjórnun og skipulagningu
- Áhugasviðsgreining

Kennarar

Dr. Helgi Þór Ingason, dósent í iðnaðarverkfræði- vélaverkfræði og tölvunarfræðideild HÍ, Dr. Haukur Ingi Jónasson, cand. theol., S.T.M., C.P.E., sálgreinir, lektor, Aðalheiður Sigurðardóttir, MPM, Árni Sigurður Ingason, MSc vélaverkfræðingur, Margrét Pálsdóttir, íslenskufraeðingur, Mathilda Gregersdóttir, MA / Certified coach, Haraldur Flosi Tryggvason, Cand.Jur, M.Jur, MBA og Björg Ágústsdóttir Cand.Jur, MPM.

Allar nánari upplýsingar um námið veitir verkefnastjóri námsins, Kristín Birna Jónasdóttir í síma 525-5296 , netfang kristind@hi.is .

Verð

Námið kostar 450.000 krónur. Að jafnaði eru um 36 nemendur teknir inn í hvern nemendahóp.

Greiðslufyrirkomulag

Við upphaf náms er gefinn út reikningur fyrir heildarverði námsins. Staðfestingargjald (50.000 krónur) dregst frá heildarverði og er óafturkræft. Þeir sem ekki staðgreiða námið þurfa að semja um greiðslumáta áður en nám hefst. Hægt er að greiða með kortaláni til allt að 36 mánaða. Nemendum bjóðast einnig vaxtalaus kortalán til að hámarki 12 mánaða. Lántökukostnaður af slíkum lánum miðast við fjölda mánaða. Greiða þarf lántökukostnað af vaxtalausum lánum í heild sinni við undirritun lánasamnings. Vinsamlega athugið að ekki er hægt að fá námsgjald fellt niður þótt nemandi hætti námi áður en námstíma lýkur.

Nánari upplýsingar gefur Guðný Árnadóttir bókari/innheimta s: 525-5295.



Námskeiðslýsingar

1. misseri

Stefnumótunarfærni

Námskeiðslýsing:

- Að nemandinn öðlist skilning á hagnýtri aðferð við stefnumótun fyrirtækja og stofnana (skipuheilda).
- Að nemandinn öðlist færni í að beita þessari aðferð á raunhæf viðfangsefni.
- Að nemandinn skilji tengsl stefnumótunar og verkefnastjórnunar.
- Að í lok námskeiðs sé nemandinn tilbúinn til að taka þátt í og/eða stýra raunhæfu stefnumótunarverkefni.

Efnispættir:

Lota 1 – Inngangur og kynning

Lota 2 – Ferli stefnumótunar. Innri greining. Leiðsögn um tímastjórnun, funda- og hópvinutækni.

Lota 3 – Ýmis praktísk atriði. Ytri greining.

Lota 4 – Greiningar dregnar saman

Lota 5 – Gildi, hlutverk og framtíðarsýn. Hópavinna.

Lota 6 – Áætlun til sóknar og framkvæmd hennar

Lota 7 – Próf og verkefnavinna

Lota 8 – Hagnýt færni: framsögn og framsetning kynninga. Hópavinna.

Lota 9 – Kynning verkefna

Námsmat:

Gerð er krafa um 80% mætingu á námskeiðið.

Hópverkefni (65%). Nemendum ætlað að vinna í hópum að stefnumótun skipuheildar að eigin vali. Afurðir þessarar vinnu vega þungt í námsmati, þ.e. annars vegar skýrsla (55%) og hins vegar kynning (10%).

Einstaklingsbundið próf (35%). Undir lok námskeiðsins er lagt fyrir 1 klst. próf.

Námsefni/lesefni:

Í námskeiðinu er stuðst við hagnýta kennslubók um stefnumótun „*Strategic Planning for Dummies*“ eftir Erica Olsen, útgáfu frá október 2006. Auk þess verður samtekt á völdum greinum um stefnumótun dreift á námskeiðinu.

Kennsluhættir:

Allt fyrirkomulag námskeiðsins miðar að hagnýtri þjálfun nemandans. Hver kennslulota samanstendur af fyrirlestrum, umræðum og verkefnavinnu. Afar mikilvægt er að nemendur mæti vel undirbúnir í tíma því gert er ráð fyrir virkri þátttöku í hópstarfi og umræðum.



Kennslustundir:

Námskeiðið er 6 ECTS háskólaeiningar og 52 kennslustundir.

Umsjón/kennsla:

Dr. Helgi Þór Ingason, dósent, Haraldur Flosi Tryggvason, Cand.Jur, M.Jur, MBA og Björg Ágústsdóttir, Cand.Jur, MPM, Margrét Pálsdóttir, íslenskufræðingur og Árni Sigurður Ingason, MSc vélaverkfræðingur.



Leiðtogafærni

Námskeiðslýsing:

- Að stórauka leiðtogafærni nemenda með því að láta þá takast á við verkefni sem opna og auka innsýn inn í leiðtogahlutverkið.
- Að fjalla um eðli leiðtogahlutverksins, ólíkar hugmyndir um það og sýna fram á hagnýtingu leiðtogafræða til farsældar í einkalífi og starfi.
- Að gera nemendur færa um að takast á við hinn mannlega þátt stjórnunar og verða þannig færir um að notfæra sér með sem bestum árangri þá reynslu sem þeir hafa aflað sér á öðrum vettvangi.
- Að byggja ofaná þekkingu nemenda í stefnumótunarfærni.
- Að samþætta verkefnastjórnun og leiðtogafræði með sérstakri áherslu á nemendur sem mögulega leiðtoga í athafna- og menningarlífi framtíðarinnar.
- Að fá nemendur til að huga að persónulegri þróun sinni í samhengi við lykilhugmyndir um stefnumótun og innleiðingu stefnumarkandi ákvarðana.
- Að fjalla um heilsteypa ákvarðanatöku, siðferði, atferli fólks og áhrif menningar á stjórnun.
- Að dýpka skilning á áhrifum viðhorfa, væntinga, persónuleika og félagslegrar aðlögunar.
- Að fjalla um kröfur til stjórnenda í leiðtogahlutverki og hvernig takast má á við streitu og álag.
- Að fjalla um skapandi og gagnrýna hugsun, nýsköpun, valdaframsal og eðli valds.
- Að veita innsýn inn í hagnýti sálarafllfræðikenninga fyrir verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun.

Efnisþættir:

Lota 1 — Inngangur að leiðtogafærni og aðferðafræði námskeiðs

Lota 2 — Persónuleg stefnumótun

Lota 3 — Uppbyggjandi sjálfsrýni

Lota 4 — Varnarhættir sjálfsins

Lota 5 — Gagnrýnin hugsun

Lota 6 — Skapandi hugsun

Lota 7 — Siðfræði

Lota 8 — Sjálfstæði

Lota 9 — Samantekt

Námsmat:

Persónulegstefnumótun 25%: Hver nemandi nýtir sér þá þekkingu sem hann hefur öðlast á námskeiðinu stefnumótunarfærni og gerir sína eigin persónulegu stefnumótun. Skilist síðasta kennsludag.

Fimm hópverkefni 25%: Nemendahópar skili fimm samantektum á námsefni í formi niðurstöðu sem hópurinn hefur komist að og setja fram rök með og á móti skoðun sinni. Gefið er fyrir rökstuðning, frumleika, efnistösk, skýrleika,



dæmi og fleira. Hvert verkefni á að vera að minnsta kosti fjórar blaðsíður í 12 punkta Times letri og 1 ½ línubil. Skilist síðasta kennsludag.

Persónuleg dagbók 25%: Hver nemandi skrifar daglega í persónulega dagbók sem skilað er í síðustu lotu námskeiðsins. Skilist síðasta kennsludag.

Ástundun og mæting 25%: Lögð er rík áhersla á að nemendur mæti í tíma og séu vel með á nótunum. Enda verða tímarnir áhugaverðir! Mæti nemandi ekki í tíma kvarnast úr einkunn hans í hlutfalli. Athugið til að standast áfangann þarf nemandi að mæta í að minnsta kosti **80%** af kennslustundum. Athugið að tekið er mið af þátttöku nemenda í sameiginlegum verkefnum við námsmat og nemandi sem ekki sýnir samstarfi við aðra nemendur áhuga mun ekki komast áfram inn á annað misseri.

Námsefni/lesefni:

- Úr bókinni: J. Steven Ott, Sandra J. Parks, Richard B. Simpson, Classic Readings in Organizational Behavior(3rd Edition).
 - „Leadership“.
 - Mary Parker Follett, „The Giving of Orders“.
 - Chester I. Barnard, „The Executive Functions“.
 - Paul Hersey and Kenneth H. Blanchard, „Life Cycle Theory of Leadership“.
 - Fred E. Fiedler, „The Contingency Model: A Theory of Leadership Effectiveness“
 - Noel M. Tichy / David O. Ulrich, „The Leadership Challenge — A Call for the Transformational Leader“.
 - Edgar H. Shein, „The Learning Leader as Culture Manager“.
 - Daniel Coleman, „What Makes a Leader?“
 - Karl E. Weick, „Leadership as the Legimation of Doubt“.
 - Martin M. Chemers, „Efficacy and Effectiveness — Integrating Models of Leadership“.
- Marshall Loeb / Stephen Kindel, Leadership for Dummies, Wiley. **Öll bókin!**

Kennsluhættir:

- Í fyrirlestrum verður námsmarkmiðum hvefrrar lotu lýst, farið í grunnhugtök og grunnkenningar og efnið auðgað og heimfært í fyrirlestrum, með dæmum, æfingum, sögum og öðru sem skerpir skilning nemenda á námsefni.
- Lögð er rík áhersla á að nemendur komi **lesnir í tíma!**
- Kennari mun ekki endilega fara yfir lesefni heldur bæta það upp með eigin aðferð.
- Tekist er á við verkefni sem gagnast til að dýpka skilning nemenda á eðli leiðtogafræða.
- Áhersla er lögð á að skoða hvernig leiðtoginn sjálfur er breyta í þeirri jöfnu sem skipulagsheildir, fyrirtæki, stofnanir og samfélagseiningar mynda.



Kennslustundir:

Námskeiðið er 6 ECTS háskólaeiningar og 52 kennslustundir.

Umsjón/kennsla:

Dr. Haukur Ingi Jónasson, cand. theol., S.T.M., C.P.E., sálgreinir, lektor.
Vinnusími: 562-4348. Netfang: hij@hi.is.

Matilda Gregersdotter MFA, ACC (Associated Certified Coach hjá The International Coach Federation).



2. misseri

Skipulagsfærni

Námskeiðslýsing:

- Námskeiðið snýst um grundvallaratriði í verkefnastjórnun.
- Markmiðið er að auka skipulagsfærni nemenda með því að kenna þeim aðferð við að undirbúa verkefni með markvissri áætlanagerð.
- Nemendur beita þekkingu sinni á raunhæft dæmi í krefjandi hópstarfi og öðlast því reynslu samhliða náminu.
- Um leið öðlast þeir reynslu í framkvæmd verkefna - því líta má á áætlanagerðina sem sérstakt verkefni.
- Á námskeiðinu munu nemendur m.a. lesa hugtakagrunn í verkefnastjórnun og undirgangast alþjóðlega vottun (IPMA stig D) sem verkefnastjórar.

Efnispættir:

Lota 1 – Grundvallarhugtök í verkefnastjórnun og helstu viðmið

Lota 2 – Verkefnisræs

Lota 3 – Umhverfisgreining

Lota 4 – Sundurliðun, rásir, hlutverk og skipulag

Lota 5 – Upplýsingatækni í verkefnum

Lota 6 – Fjármál verkefna

Lota 7 – Excel og kostnaðaráætlanir

Lota 8 – Ræs og lúkning

Lota 9 – Kynning (próf) á verkefnum

Námsmat:

Gerð er krafa um **80% mætingu** á námskeiðinu.

Próf (25%) - Til grundvallar er lögð frammistaða nemenda í prófi til alþjóðlegrar D vottunar sem Verkefnastjórnunarfélag Íslands heldur fyrir hönd IPMA.

Hópverkefni – verkefnisáætlun (60%) - Áætluninni er skilað sem heildstæðri skýrslu en nánari grein verður gerð fyrir viðmiðum síðar en gefið er fyrir framsetningu í ræðu og riti.

Skilamat (15%) – felst í að skýra frá reynslu sem varð til í hópnum við gerð verkefnisáætlunar og draga ályktanir af þeirri reynslu. Skilamatinu er skilað sem sjálfstæðum viðauka verkefnisáætlunar.

Námsefni/lesefni:

„Skipulagsfærni – Verkefnastjórnun í atvinnulífi og félagsstarfi“ eftir Helga Þór Ingason, handrit 2009

„Hugtakalykill IPMA, Alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga“, ICB 3.0.

Nemendur nálgast á netinu eftirfarandi heimild:

Hugtakalykill Verkefnastjórnunarfélags Íslands, 4. útgáfa, aðgengilegur á vefslóðinni www.vsf.is



Kennsluhættir:

Afar mikilvægt er að nemendur mæti vel undirbúnir í tíma því þeir hafa mest gagn af þeim umræðum sem fram fara í kennslustofunni ef þeir hafa aflað sér vitneskju fyrirfram um viðfangsefnin.

Kennsla fer fram í hefðbundinni kennslustofu en fyrirkomulagið er að jafnaði þannig að blandað er saman fyrirlestrum og vinnu í hópstarfi með efni fyrirlestranna. Kennarar raða nemendum í hópa. Einnig eru nokkrir tímar sem kalla á að nemendur mæti með fartölvur og vinni þar með hugbúnað til áætlanagerðar undir leiðsögn sérfræðinga. Annars er vísað á kennsluáætlun sem útskýrir þetta fyrirkomulag.

Rétt er að fram komi að gert er ráð fyrir að verkefnahóparnir taki fyrir verkefni úr skipuheild (fyrirtæki, stofnun, félagsskap eða deildir þar innan) sem einhver í hópnum hefur aðgang að.

Kennslustundir:

Námskeiðið er 6 ECTS háskólaeiningar og 52 kennslustundir.

Umsjón/kennsla:

Aðalheiður Sigurðardóttir (adalheidur.sigurdardottir@kaupthing.com).

Dr. Helgi Þór Ingason, dósent (heling@hi.is), sími 525 4954.



Samskiptafærni

Námskeiðslýsing:

- Að stórauka samskiptafærni nemenda með því að láta þá takast á við verkefni sem opna og auka innsýn inn í samskipti og samskiptamynstur.
- Að fjalla um eðli samskipta, ólíkar hugmyndir um þau, mikilvægi þeirra, og að sýna fram á hagnýtingu samskiptafræða til farsældar í einkalífi og starfi.
- Að gera nemendur færa um að takast á við hinn mannlega þátt stjórnunar og verða þannig færir um að notfæra sér með sem bestum árangri þá reynslu sem þeir hafa aflað sér á öðrum vettvangi.
- Að byggja ofaná þekkingu nemenda í stefnumótunarfærni, leiðtogafærni og skipulagsfærni.
- Að samþætta námsefnið úr tveim þáttum — almennum verkefnastjórnunar- og samskiptafræðum með sérstakri áherslu á nemendur sem mögulega leiðtoga í athafnalífi framtíðarinnar.
- Að fá nemendur til að huga að því hvernig þeir beita sér í samskiptum, við lausn ágreiningsefna, í samningsviðræðum, í ráðgjöf, ofl.
- Að dýpka skilning á áhrifum viðhorfa, væntinga, persónuleika og félagslegrar aðlögunar á samskipti.
- Að veita innsýn inn í hagnýti sálaraffræðikenninga fyrir stjórnun.

Efnisþættir:

Lota 1 — Inngangur að samskiptafærni— Aðferðafræði námskeiðs

Lota 2 — Árangursrík samskipti

Lota 3 — Virk hlustun

Lota 4 — Ákveðni og staðfesta

Lota 5 — Samningatækni

Lota 6 — Deilustjórnun

Lota 7 — Aflfræði hópa

Lota 8 — Hópefli og efling liðsanda

Lota 9 — Samantekt

Námsmat:

- **Innbyrðis mat þátttakenda 25%:** Hver nemandi nýtir sér þá þekkingu sem hann hefur öðlast á námskeiðinu og leggur mat á aðra þátttakendur. Skilist í síðasta tíma námskeiðsins.
- **Verkefni í samningatækni og deilustjórnun 25%:** Hver nemandi skilar verkefni þar sem hann lýsir aðstæðum þar sem hann eða hún þurfti að semja eða takast á við ágreining, rýnir í það á grundvelli námsefnis og leggur mat á hvernig til tókst. Verkefnið á að vera minnst fimm blaðsíður í 12 punkta Times letri og 1 ½ línubil



(Kennari áskilur sér rétt til að nota efnið sem námsefni síðar). Skilist í síðasta tíma námskeiðsins.

- **Sjálfsmat 25%:** Hver nemandi skrifar sjálfsmat m.t.t. samskiptafærni sinnar og gefur sér tölulega einkunn. Skilist í síðasta tíma námskeiðsins.
- **Ástundun og mæting 25%:** Lögð er rík áhersla á að nemendur mæti í tíma og séu vel með á nótunum, enda verða tímarnir áhugaverðir! Mæti nemandi ekki í tíma kvarnast úr einkunn hans í hlutfalli (1/36 fyrir hverja klukkustund). Athugið til að standast áfangann þarf nemandi að mæta í að **minnsta kosti 80%** kennslustunda.
- Athugið að tekið er mið af þátttöku nemenda í sameiginlegum verkefnum við námsmat og nemandi sem ekki sýnir samstarfi við aðra nemendur áhuga mun ekki ljúka náminu.

Námsefni/lesefni:

- Úr bókinni: J. Steven Ott, Sandra J. Parks, Richard B. Simpson, *Classic Readings in Organizational Behavior* (3rd Edition).
 - Nancy H. Leonard / Laura L. Beauvais / Richard W. Scholl, Work Motivation: “The Incorporation of Self-Concept-Based Process”
 - Edwin A. Locke, Self-Set Goals and Self-Efficacy as Mediators of Incentives and Personality”
 - Ruth Wageman, “Critical Success Factors for Creating Superb Self-Managing Teams”
 - Jeffrey Pfeffer, “Managing with Power”
 - Gerald R. Salancik / Jeffrey Pfeffer, “Who Gets Power — And How They Hold on to It: A Strategic-Contingency Model of Power”
 - Dorwin Cartwright, “Power — A Neglected variable in Social Psychology”
 - Dorwin Cartwright and Alvin Zander, “Origins of Group Dynamics”
 - Jon R. Katzenbach / Douglas K. Smith, “Why Teams —Leading to the High-Performance Organization”
 - Lillas M. Brown / Barry Z. Posner, “Exploring the Relationship Between Learning and Leadership”
- Marshall Loeb / Stephen Kindel: *Communications for Dummies*, Wiley. **Öll bókin!**

Kennsluhættir:

- Í fyrirlestrum verður námsmarkmiðum hvernar lotu lýst, farið í grunnhugtök og grunnkenningar og efnið auðgað og heimfært í fyrirlestrum, dæmum, æfingum, sögum og öðru sem skerpir skilning nemenda á námsefni.
- Lögð er rík áhersla á að nemendur komi **lesnir í tíma!**
- Kennari mun ekki endilega fara yfir lesefni heldur bæta það upp með eigin aðferð.



- Tekist er á við verkefni sem gagnast til að dýpka skilning nemenda á eðli samskiptafræða.
- Áhersla er lögð á að skoða hvernig nemandinn sjálfur er breyta í þeirri jöfnu sem hópar og skipulagsheildir mynda.

Kennslustundir:

Námskeiðið er 6 ECTS háskólaeiningar og 52 kennslustundir.

Umsjón/kennsla:

Dr. Haukur Ingi Jónasson, cand. theol., S.T.M., C.P.E., sálgreinir, lektor,
Vinnusími: 562-4348 - Netfang: hij@hi.is.

Aðstoðarkennari: Matilda Gregersdotter MFA, ACC (Associated Certified Coach hjá The International Coach Federation).